

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

- Breyting á deiliskipulagi Laugaráss, lóðir 3-11 við Austurbyggð.*  
Í breytingunni felst að á lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11 við Austurbyggð er gert ráð fyrir allt að 60 m<sup>2</sup> bílskúr, bílskýli og/eða geymslu. Byggingarreitir eru því stækkaðir í norðvestur í átt að götu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.
- Deiliskipulag fyrir fjarskiptahús og mastur í landi Úteyjar II.*  
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir um 15 m<sup>2</sup> lóð fyrir fjarskiptamannvirki í landi Úteyjar II. Á lóðinni má reisa fjarskiptahús allt að 2,5 x 3 m að grunnfleti með 2,4 m hámarkshæð ásamt allt að 18 m háu mastri með 1,5 m háu loftneti að auki.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 6. janúar 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 994 28. október 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar I, 1. áfangi.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður og að hámarks-hæð mænis frá jörðu megi vera 6,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03, þar af má aukahús að hámarki vera 30 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 56 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar I, 2. áfangi.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður og að hámarks-hæð mænis frá jörðu megi vera 6,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03, þar af má aukahús að hámarki vera 30 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 56 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Deiliskipulag Hvítárness, fjallasel.*  
Skipulagssvæðið sem er um 3 ha nær yfir núverandi skála í Hvítárnessi og nánasta umhverfi. Í skipulaginu er m.a. afmörkuð lóð utan um núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun á salernisaðstöðu og afmarkað svæði fyrir bílastæði og tjaldsvæði.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2012 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 857 22. október 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

6. *Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Tortu.*

Í breytingunni felst að byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall skal ekki fara upp fyrir 0,03. Mest hæð útveggja er 2,7 m og þakhalli skal vera á bilinu 15-30 gráður. Hámarkshæð húsa er 5 m og heimilt er að reisa allt að 30 m<sup>2</sup> verkfærageymslu/gestahús við bústað.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 252 15. mars 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
7. *Deiliskipulag frístundabyggðar við Skotöldu í landi Austurhlíðar.*

Í deiliskipulaginu felst að á 2 ha svæði er gert ráð fyrir fjórum 5.000 m<sup>2</sup> lóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús, hámarkshæð 6,5 m og 30 m<sup>2</sup> aukahús, hámarkshæð 4,5 m. Ef heimild um aukahús er ekki nýtt má frístundahús vera allt að 150 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 23. júní 2010 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 993 28. október 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
8. *Breyting á skilmálum deiliskipulags tveggja samliggjandi frístundabyggða í landi Fells sem saman kallast Holtahverfi.*

Í breytingunni felst að hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0,03 og heimilt er að reisa allt að 30 m<sup>2</sup> aukahús að því gefnu að heildarnýtingarhlutfall lóðar fari ekki upp fyrir 0,03. Byggingarefni, litaval og mænisstefna er frjálst.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 490 7. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
9. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja.*

Í breytingunni felst endurskoðun á skipulagi eldra hverfis þar sem allar lóðirnar hafa verið mældar upp og hnitsettar. Skilmálum er breytt til samræmis við aðliggjandi hverfi og lóðum fjölgar. Frístundahús mega vera allt að 150 m<sup>2</sup> og geymsla/gestahús allt að 25 m<sup>2</sup> en hámarksnýtingarhlutfall er 0,03. Hámarks mænishæð frá gólfplötu er 6,5 m og þakhalli má vera á bilinu 15-45 gráður.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 23. júní 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1050 15. nóvember 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
10. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis úr landi Snorrastaða, svæði VM.*

Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 16 frístundahús, ýmist 50 m<sup>2</sup> eða 100 m<sup>2</sup> að stærð, til viðbótar þeim þremur sem fyrir eru og 300 m<sup>2</sup> þjónustuhús. Ungmennafélagsreitir verður nýttur undir tjaldstæði og gert er ráð fyrir nýrri snyrtiaðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 712 18. júlí 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2013